

**Ed. 289. Frumvarp til laga**

um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ákvæði þessara laga ná til þeirrar stríðsáhættuþóknunar, sem greidd er samkvæmt eftirtöldum samningum, ásamt þeim breytingum, er á þeim kunna að vera gerðar:

- a. Samningur milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis í tilefni af núverandi stríðsástandi í Evrópu. Samningur þessi er dagsettur 12. október 1939.
- b. Samkomulag milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Sjómannafélaga Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Patreksfjarðar um kjör meðlima ofanskráðra sjómannafélaga í siglingum um stríðsáhættusvæði. Samkomulag þetta er undirritað 10. október 1939.
- c. Samningur milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Félags íslenzkra loftskammtamanna í tilefni af núverandi stríðsástandi í Evrópu. Samningurinn er undirritaður 13. október 1939.
- d. Samningur milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Vélstjórafélags Íslands um stríðstryggingu og áhættuþóknun. Samningurinn er dagsettur 12. október 1939.
- e. Samningur milli sjómannafélaganna: Sjómannafélags Reykjavíkur, Vélstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskammtamanna og

Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands annarsveggar og skipafélaganna: Eimskipafélags Íslands h/f, Skipaútgerðar ríkisins, Eimskipafélags Reykjavíkur h/f, Útgerðarfélag K.E.A. h/f og Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f hinsvegar, um stríðsáhættuþóknun og stríðstryggingu vegna yfirstandandi Norður-álfuófriðar. Dagsetning samnings þessa er 7. október 1939.

2. gr.

Áhættuþóknunir þær, er um ræðir í 1. gr., skulu vera undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari að hálfu leyti, þannig að við ákvörðun skatts og útsvars hjá hverjum einstökum gjaldanda, sem hlut á að máli, skal draga 50% af umræddri áhættuþóknun frá skattskyldum eða útsvarsskyldum tekjum hans, áður en tekjuskattur og útsvar er reiknað. Hið sama gildir um ákvörðun lífeyrissjóðsgjalds samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, 49. gr. 2.

3. gr.

Við ákvörðun um réttindi ofangreindra aðila til þeirra hlunninda, sem sjúkrasamslag veitir samkvæmt 24. gr. laga um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, skal eigi tekið tillit til umræddrar áhættuþóknunar, en eingöngu miðað við aðrar skattskyldar tekjur gjaldanda.

4. gr.

Allir þeir skattgreiðendur, sem áhættuþóknunar hafa notið, eru skyldir að telja til tekna á skattframtölum sínum áhættuþóknunina að öllu leyti, án frádráttar, ásamt öðrum launum sínum. Í launauppgjöfum stofnana og atvinnurekenda til skattstofu og skattanefnda skal gera sérstaklega grein fyrir áhættuþóknun hvers einstaks gjaldanda. Um rannsóknar- og úrskurðarvald skattstjóra, skattanefnda og niðurjöfnunarnefnda viðvikjandi þessum málum gilda ákvæði skattalaga og útsvarslaga, eftir því sem við á.

5. gr.

Fjármálaráðuneytið setur frekari ákvæði um framkvæmd laga þessara, ef þurfa þykir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af fjárhagsnefnd efri deildar, eftir beiðni fjármálaráðherra, og fylgja eftirfarandi athugasemdir frumvarpinu:

Í sambandi við samninga á milli útgerðarmanna og sjómanna um kaup og kjör í siglingum, eftir að styrjöldin hófst, varð það að samkomulagi á milli þessara aðila og ríkisstjórnarinnar, að stjórnin færi þess á leit við Alþingi, að helmingur af umsaminni stríðsáhættuþóknun skipverja yrði undanþegin sköttum og gjöldum, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Ríkisstjórnin var þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri, að hún gæfi slíkt fyrirheit, til þess að samningar með þessum aðilum mætti takast, og er frumvarpið því flutt af fjárhagsnefnd eftir beiðni ríkisstjórnarinnar.

## Fylgiskjal I.

Sjómannafélögin: Sjómannafélag Reykjavíkur, Vélstjórafélag Íslands, Stýrimannafélag Íslands, Félag isl. loftskeytamanna og Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands annarsvegar og skipafélögin: Eimskipafélag Íslands h/f, Skipaútgerð ríkisins, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f, Útgerðarfélag K.E.A. h/f og Eimskipafélagið Ísafold h/f hinsvegar gera með sér svofelldan

### S A M N I N G

um stríðsáhættuþóknun og stríðstryggingu vegna yfirstandandi Norðurálfuófriðar:

1. gr. Stýrimenn, vélstjórar og loftskeytamenn, sem teljast yfirmenn, fáu uppþætur sem hér skal greina:

- a) Fyrir siglingar á pólskar og þýzkar hafnir er greitt 200% í uppþót. Þessi uppþót er reiknuð frá byrjun þess sólarhrings, þegar skipið fer framhjá Falsterbo, og hættir í lok þess sólarhrings, þegar skipið fer aftur framhjá Falsterbo á vesturleið. Ef skipið fer frá þýzkri eða pólskri höfn til annarar Eystrasaltshafnar, er þó hætt að greiða uppþótina þegar skipið fer yfir línuna Memel—Falsterbo. Ef skipið fer frá þýzkri eða pólskri höfn í gegnum Stórabelti eða Litlabelti, er hætt að greiða uppþótina þegar skipið fer inn í Stórabelti eða Litlabelti, eða öfugt. Fyrir siglingar annarstaðar í Eystrasalti er greidd 100% uppþót.
- b) Fyrir siglingar á Norðursjónum og Atlantshafinu er greidd 200% uppþót milli 12. gr. austl. lengdar og 20. gr. vestl. lengdar, 65. gr. norðl. breiddar og 30. gr. norðl. breiddar. Þessi uppþót er greidd frá byrjun þess sólarhrings, þegar skipið fer inn á hættusvæðið, og til loka þess sólarhrings, þegar skipið fer út úr hættusvæðinu.
- c) Fyrir siglingar til landa í Miðjarðarhafinu, sem ekki eiga í stríði, er greidd 100% uppþót. Fyrir siglingar til landa í Miðjarðarhafinu, sem eru í ófriði, er greidd 200% uppþót. Uppþótin byrjar þegar siglt er framhjá Gibraltar resp. (eða) Port Said.
- d) Fyrir siglingar innan svæðis, sem markast af 65. gr. N.br. og 10. gr. N.br., 70. gr. V. lengdar og 20. gr. V. lengdar, skal greiða 100% áhættuþóknun.

2. gr. Áhættuþóknun samkvæmt 1. gr. skal greiða fyrir þann tíma, sem skip er stadd innan áhættusvæðis, nema meðan það liggur í höfnum hlutlausra þjóða, að undanteknum höfnum Belgíu og Hollands. Fyrir slíka dvöl skal greidd áhættuþóknun, sbr. 1. gr. a-lið. — Strandsiglingar við Ísland eru undanskildar áhættuþóknun.

3. gr. A. Að öðru leyti en því, sem ræðir um í 3. gr. B, 4. gr. og 5. gr., skal til grundvallar útreikningi á áhættuþóknun leggja mánaðarlaun þau, sem skipverjum eru greidd samkvæmt gildandi samningum, að meðtöldum öllum aukagreiðslum. Áhættuþóknun reiknast þó ekki á yfirvinnukaupi.

3. gr. B. Hásetar og kyndarar fá áhættuþóknun samkvæmt 1. gr., þó þannig, að í stað 200% komi 250% og í stað 100% komi 125%. Þóknunin miðast við 235 króna mánaðarkaup hjá hásetum og 275 króna kaup hjá kyndurum.

4. gr. Áhættuþóknun þjóna á fyrsta og öðru farrými, aðstoðarmatsveina og þernu skal vera samkvæmt því, sem gilt hefir eða gilda kann á samskonar dönskum skipum.

Leggja skal undir félagsdóm, hvort 4. gr. samnings Eimskipafélags Íslands frá 3. maí 1938 og 6. gr. samnings Skipaútgerðar ríkisins frá 26. maí 1935 við Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands skuli gilda um tölu starfsfólks þrátt fyrir þá nýju aðstöðu, sem ófriðurinn hefir skapað.

5. gr. Áhættuþóknun viðvaninga miðast við 158 króna mánaðarkaup, óvaninga við 108 króna mánaðarkaup, skipsdregja við 70 króna mánaðarkaup og káetu- og messudregja við fastakaup þeirra og er á hinu meira áhættusvæði 300% og á hinu minna áhættusvæði 150%.

6. gr. Áhættuþóknun greiðist skipverja meðan hann er í þjónustu útgerðar, hvort heldur hann er lögskráður eða farþegi á leið til eða frá skipi. — Skipstjón af völdum ófriðar telst falla undir ákvæði 41. gr. sjómannalaganna.

7. gr. Ef Ítalía gerist ófriðaraðili, telst allt Miðjarðarhaf hið meira áhættusvæði, að undanteknum spönskum höfnum. Sama gildir fyrir Eystrasalt norðan Falsterbo—Memel, ef Rússland gerist ófriðaraðili gagnvart Vesturveldunum.

8. gr. Þegar skip siglir úr einu áhættusvæði á annað, gildir hærri áhættuþóknunin allan sólarhringinn.

Ákvæði samnings þessa um áhættusvæði og áhættuþóknun skulu gilda frá og með 6. september 1939, en önnur ákvæði hans frá undirskriftardegi.

9. gr. Til viðbótar hinni lögboðnu tryggingu hjá Tryggingarstofnun ríkisins skulu útgerðarfélögin tryggja skipverja sérstakri stríðstryggingu fyrir örorku og dauða.

Áhöfn skal stríðstryggja á þeim skipum, sem eru stríðstryggð.

Örorkubætur, ef um fulla örorku er að ræða, skulu eigi vera lægri en kr. 22000.00 samkvæmt hinni sérstöku stríðstryggingu og hlutfallslega fyrir skerða örorku.

Örorkubætur mega greiðast sem lífeyrir. Lægstu dánarbætur skulu vera kr. 12000.00, til ekkju með eitt barn kr. 17000.00, og til ekkju með tvö börn eða fleiri kr. 21000.00. Þó skal þessi sérstaka stríðstrygging á yfirmönnum ekki fara niður úr kr. 18000.00.

Fjölskylduástæður manna í byrjun ferða skulu lagðar til grundvallar fyrir tryggingunum.

10. gr. Skipaútgerðarfélögin saman annarsvegar og stéttarfélagin saman hinsvegar geta sagt upp samningi þessum með 30 daga fyrirvara.

Reykjavík, 7. október 1939.

Sjómannafélag Reykjavíkur.

Sigurjón Á. Ólafsson (sign.)

Véltjórafélag Íslands.

Þorst. Árnason (sign.)

Stýrimannafélag Íslands.

Jón Axel Pétursson (sign.)

Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands.

Janus Halldórsson (sign.)

F. h. Félags isl. loftskéytamanna.

Geir Ólafsson (sign.)

H/f Eimskipafélag Íslands.

G. Vilhjálmsson (sign.)

F. Skipaútgerð ríkisins.

Pálmi Loftsson (sign.)

F. Eimskipafélag Reykjavíkur h/f.

Theódór Jakobsson (sign.)

F. h. Útgerðarfélags KEA h/f.

R. Sigurðsson (sign.) skv. umb.

Eimskipafélagið Ísafold h/f.

G. Guðjónsson (sign.)

## Fylgiskjal II.

Félag isl. botnvörpuskipaeigenda og sjómannafélög Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Patreksfjarðar gera með sér svofellt

### S A M K O M U L A G

um kjör meðlima ofanskráðra sjómannafélaga í siglingum um stríðshættusvæði. Samkomulag þetta er gert í samræmi við ákvæði 21. gr. gerðardómsúrskurðar 21. marz 1938:

1. gr. Áhættuþóknun reiknast frá því að skip siglir framhjá Reykjanesi eða Langanesi á útleið. Fari skip til útlanda af svæðinu sunnan nefndra staða, reiknast áhættuþóknunin frá því skipið leggur af stað. Áhættuþóknun reiknast til þess tíma, er skipið siglir framhjá nefndum stöðum á uppleið eða byrjar veiðar eða kemur í höfn sunnan Reykjanes eða Langaness.

Meira en hálfur sólarhringur á áhættusvæðinu reiknast sem heill, en minni hluti úr sólarhring sem hálfur.

Innan þessa svæðis teljast ekki veiðar byrjaðar, nema því aðeins, að þær séu stundaðar yfir 12 klukkustundir.

Áhættuþóknunin er 250% og miðast við kr. 232.00 mánaðarkaup á togara, sem stundar veiðar og siglir með aflann, og kr. 270.00 mánaðarkaup á togara, sem eingöngu kaupir fisk eða er leigður til flutninga.

2. gr. Skipverjar þeir, er þetta samkomulag nær til, eru tryggðir fyrir kr. 15000.00 fyrir dauða eða örorku af völdum ófriðar eða af ósönnuðum orsökum umfram hina lögboðnu ríkistryggingu.

3. gr. Þeir, sem ekki sigla til útlanda á togara, sem veiðir, miðað við 17 manna áhöfn — (samkv. fyrri samningum) — skulu halda mánaðarkaupi sínu. Það skal á valdi skipstjóra, hve margir sigla, þó ekki færri en 12. Gert er ráð fyrir, að þeir, er fiskveiðar stunda, sigli til skiptis.

4. gr. Skipstjón af völdum ófriðar telst falla undir ákvæði 41. gr. sjómanna-laganna.

5. gr. Samkomulag þetta gengur í gildi frá undirskriftardegi og getur hvor aðili sagt því upp með 30 daga fyrirvara.

(Undirskriftir.)

## Fylgiskjal III.

### S A M N I N G U R

milli Félags isl. botnvörpuskipaeigenda og Vélstjórafélags Íslands um stríðstryggingu og áhættuþóknun.

#### Stríðstrygging.

1. gr. Meðlimir F. Í. B. vátryggja á sinn kostnað hvern vélstjóra fyrir kr. 18000.00 fyrir dauða eða örorku af völdum ófriðar, eða af ósönnuðum orsökum, umfram hina lögboðnu ríkistryggingu.

Upphæð þessi greiðist aðstandendum viðkomandi vélstjóra, ef hann ferst af slíkum ástæðum, eða honum sjálfum, ef hann slasast svo mikið, að hann verði óvinnufær.

### **Áhættuþóknun.**

2. gr. Áhættuþóknun skal greiða sem hér segir:

1. Áhættuþóknun 1. vélstjóra reiknast 200% af mánaðarkaupinu (kr. 300.00 pr. mán.) Selji skipið aflann fyrir meira en £ 3000/0/0, reiknast aðeins 100% af fasta kaupinu, en selji skipið fyrir £ 4000/0/0, fellur áhættuþóknunin af fasta kaupinu niður. 2. vélstjóri 200% af föstu mánaðarkaupi, það er af kr. 450.00.
2. Áhættuþóknun reiknast frá því að skip siglir framhjá Reykjanesi eða Langanesi á útleið. Fari skip til útlanda af svæðinu sunnan nefndra staða, reiknast áhættuþóknun frá því skipið leggur af stað. Áhættuþóknun reiknast til þess tíma, er skipið siglir framhjá nefndum stöðum á uppleið eða byrjar veiðar eða kemur í höfn sunnan Reykjanes eða Langaness.

Meira en hálfur sólarhringur á áhættusvæðinu reiknast sem heill, en minni hluti úr sólarhring sem hálfur.

3. gr. Tapist afli skipsins af völdum ófriðar, en eigendur aflans hafa vátryggt hann fyrir því tapi, skulu aflaverðlaun 1. vélstjóra reiknast af vátryggingarupphæð aflans.

4. gr. Sé skipið eingöngu á flutningum (t. d. með bátafisk), greiðist áhættuþóknun til 1. vélstjóra með 200% af kr. 600.00 mánaðarkaupi.

5. gr. Skipstjón af völdum ófriðar telst falla undir ákvæði 41. gr. sjómanna-laganna.

6. gr. Samningur þessi gengur í gildi í dag, 12. okt., og getur hvor aðili um sig sagt honum upp með mánaðar fyrirvara.

#### **Viðauki frá Vélstjórafélagi Íslands.**

Samningur þessi er gerður á þeim grundvelli, að ríkisstjórn Íslands hefir lofað, að 50% af stríðsáhættuþóknun vorri verði skattfrjáls til ríkis og bæjar, og ákvæði gengisskráningarlagna, nr. 10 4. apríl 1939, sem ræða um launakjör yfirmanna á islenzkum botnvörpuskipum, verði úr gildi numin.

Af aflaverðlaunum reiknast það áhættuþóknun 1. vélstjóra, sem laun þeirra hækka við hækkaðar ísfisksölur. Miðað skal við meðaltal s. l. þriggja ára, samkvæmt skýrslu Fiskifélags Íslands, í hvoru landinu fyrir sig, Bretlandi og Þýzkalandi.

Ennfremur í trausti þess, að Alþingi verði við hinni sanngjörnu kröfu vorri, að öll áhættuþóknun verði skattfrjáls, eða leysi málið á annan viðunandi hátt.

Reykjavík, 12. október 1939.

Vélstjórafélag Íslands.

(Undirskrift.)

Félag isl. botnvörpuskipaeigenda.

(Undirskrift.)